Ingvar Sigurgeirsson, Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
og Ragnhildur Kristín Einarsdóttir

Saman getum við meira

Innleiðing teymiskennslu í grunnskólunum í Borgarbyggð 2016-2017

Skýrsla um þróunarverkefni

2017

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Grunnskólinn í Borgarnesi 6
Grunnskóli Borgarfjarðar 9
Mat á verkefninu 12

Inngangur

Skólaárið 2016–2017 vann starfsfólk grunnskóla Borgarbyggðar, Grunnskólans í Borgarnesi og Grunnskóla Borgarfjarðar að innleiðingu teymiskennslu. Markmið verkefnisins var að kennsluhættir teymiskennslu og andi lærdómssamfélags einkenni störf grunnskóla í Borgarbyggð. Gengið var út frá því að til þess að svo geti orðið þyrftu skólastjórnendur að gera sér grein fyrir hlutverki sínu og útvega þær bjargir, fræðslu og leiðsögn sem á þyrfti að halda. Einnig þyrfti að koma á sameiginlegum skilningi og sýn allra sem starfa í skólunum á teymiskennslu og lærdómssamfélagi. Markmiðið var að nýta teymiskennslu til að koma á skóla margbreytileikans með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati sem byggði á samtali kennara, nemenda og foreldra. Að auki þyrftu skólastjórnendur að koma á skipulagi við móttöku nýrra kennara sem viðhéldi nýjum starfsháttum.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er mikilvægt að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur. Einnig kemur fram í Aðalnámskrá að kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við þau hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennslu-aðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla margbreytileikans, eykur líkur á árangri.

Til að koma til móts við ofangreint kviknaði áhugi hjá skólastjórnendum í Borgarbyggð að innleiða teymiskennslu í skólana og vinna að þróun lærdómssamfélags. Áhugi var á að fá sameiginlega fræðslu og leiðsögn og að vinna að verkefninu í samstarfi skólanna. Mikil samkennsla er í öðrum skólanum sem kallar á teymiskennslu og í báðum skólunum hefur verið mikill vilji til að efla samtal og samvinnu.

Hlutverk skólastjórnenda við innleiðingu teymisvinnu kennara í skólum felst í að tala fyrir henni, hafa trú á teymiskennslu og kynna hana. Einnig að skipuleggja skólastarfið með tilliti til teymisvinnunnar svo sem við stundatöflugerð, niðurröðun kennara í teymi og að útvega ýmis gögn til hennar. Til að innleiða teymiskennslu með áherslu á samtal um nám og kennslu og koma á lærdómssamfélagi í skólunum þarf starfsmannahópurinn að fá svigrúm til fræðslu og samtals til að byggja upp sameiginlegan skilning og sýn á gildi teymiskennslu og hvað einkennir hana. Innleiðing teymiskennslu í skóla er krefjandi verkefni sem felst fyrst og fremst í því að viðhalda jákvæðu viðhorfi kennara til breyttra starfshátta. Kennarar þurfa að skilgreina verkefnið sem sameiginlega ábyrgð á heildarstarfi teymisins. Í innleiðingarferlinu er áríðandi að kennarar hafi stuðning hver af öðrum og að skipulag sé gott. Einnig að styðja við bakið á nýjum meðlimun þegar þeir ganga til liðs við teymi.

Samvinna kennara í teymum getur stutt við skóla margbreytileikans. Í slíkri samvinnu þarf að fara fram markviss og gagnrýnin samræða um aðferðir og nálganir í kennslu í samræmi við þessa hugmyndafræði . Kennarar þurfa að líta á fjölbreytileika nemenda sem hið sanna viðmið og nýta kraft samvinnunnar til að leita markvissra og fjölbreyttra leiða með samvinnu að leiðarljósi.

Teymiskennsla gefur einnig aukna möguleika á fjölbreyttum aðferðum og nálgunum í kennslu í takti við styrkleika nemenda.

Við innleiðingu verkefnisins var einnig litið til þess að teymiskennsla getur stutt við þróun námsmats. Megintilgangur námsmats, sem á að vera órjúfanlegur hluti náms og kennslu, er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda og að námsmatið leiðbeini þeim til að ná markmiðum sínum. Námsmat á að fara fram jafnt og þétt á námstímanum og samtal kennara í teymi um nám og framfarir hvers nemanda er því mikilvægt. Námsmatsaðferðir eiga að vera fjölbreyttar, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum.

Samið var við dr. Ingvari Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands um ráðgjöf um undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

Verkefnið, sem hlaut nafnið *Saman getum við meira,* var sett af stað með dagskrá í Hjálmakletti, Menntaskólanum í Borgarnesi 18. ágúst. Fjallað var um þróunarverkefni, skilgreiningar á teymiskennslu, innlendar og erlendar rannsóknir, kosti og galla teymiskennslu og um ólíkar leiðir við innleiðingu hennar, sem og um starf og hlutverk í teymum. Þessa umfjöllun önnuðust Ingvar Sigurgeirsson og Þórhildur Helga Þorleifsdóttir. Í framhaldi af þessu ræddu þátttakendur um væntingar, óskir og bjargir í tengslum við verkefnið.[1]

Í báðum skólunum var lögð áhersla á að innleiðing teymiskennslunnar væri að ákvörðun hvers kennara eða kennarahóps. Ráðgjöf var í boði fyrir þá hópa sem það kusu og heimsótti Ingvar báða skólana, fylgdist með kennslu og ræddi við þau teymi sem eftir því óskuðu.

Miðvikudaginn 1. febrúar 2017 var sameiginleg dagskrá, einnig í Hjálmakletti, Mennta-skólanum í Borgarnesi, þar sem gefnar voru stöðuskýrslur og ýmsar hliðar teymiskennslu ræddar. Að ósk kennara var sérstaklega fjallað um þemanám og teymiskennslu (Lilja M. Jónsdóttir) og um álitamál og áskoranir í tengslum við teymiskennslu (Þórhildur Helga Þorleifsdóttir). Þá fjallaði Ingvar Sigurgeirsson um kennsluhætti og teymiskennslu með hliðsjón af heimsóknum sínum í skólana.[2]

Verkefninu lauk með sameiginlegu þingi í Stykkishólmi 26. apríl 2017 þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum og þær ræddar.[3] Kennarar og stjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi tóku þátt í þessari lokadagskrá. Þar fór fram mat á verkefnunum og reyndust niðurstöður um margt áþekkar, eins og sjá má í skýrslu um það verkefni.[4]

---

[1] Sjá nánar um þessa dagskrá á þessari slóð: http://skolastofan.is/throunarverkefni/innleiding-teymiskennslu-i-skolunum-i-borgarbyggd/dagskrain-i-agust

[2] Sjá nánar um þessa dagskrá á þessari slóð: http://skolastofan.is/throunarverkefni/innleiding-teymiskennslu-i-skolunum-i-borgarbyggd/saman-getum-vid-meira-dagskra-1-februar-2017

[3] Sjá dagskrá á þessari slóð: http://skolastofan.is/uppskeruhatid-verkefnanna-gongu-i-takt-og-saman-getum-vid-meira-innleiding-teymiskennslu

[4] Sjá Ingvar Sigurgeirsson, Berglind Axelsdóttir, Björgvin Sigurbjörnsson og Hilmar Már Arason. (2017) *Göngum í takt: Innleiðing teymiskennslu í grunnskólunum á Snæfellsnesi skólaárið 2016–2017. Skýrsla um þróunarverkefni.* Reykjavík: Skólastofan slf – rannsóknir og ráðgjöf.

Verkefnið hlaut styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2016.

Skólarnir í Borgargbyggð fóru ólíkar leiðir við innleiðinguna og verður hér gerð stöð grein fyrir þeim leiðum sem farnar voru í hvorum skóla.

Grunnskólinn í Borgarnesi

Í Grunnskólanum í Borgarnesi eru nú um 300 nemendur og í flestum árgöngum eru tveir umsjónarkennarar. Þeir hafa í gegnum tíðina langoftast haft mikið samstarf (teymisvinna) alveg frá 1. og upp í 10. bekk, en áherslur oft nokkuð ólíkar eftir stigum. Við getum sagt að það sé rík hefð fyrir teymisvinnu í skólanum. Hins vegar hefur verið minna um teymiskennslu, þar sem tveir kennarar eru með sama nemendahópinn, kenna saman og bera sameiginlega ábyrgð á hópnum.

Á yngsta og miðstigi kenna umsjónarkennarar sínum bekkjum allar greinar en undirbúa kennsluna í flestum tilvikum saman og hafa tekið þemaverkefni með árgangi í heild eða jafnvel stigi.

Á unglingastigi hefur hefðin verið sú að tveir kennarar með styrkleika í stærðfræði og íslensku hafa kennt flest fög í hverjum árgangi þannig að annar tekur íslensku þvert yfir og hinn stærðfræði og þannig áfram. Áherslan hefur verið á að kennari þekki hópinn vel.

Í fyrrahaust ákváðum við að leggja meiri áherslu á faggreinar þvert á unglingastigið og að þá ynnu frekar faggreinakennarar saman en umsjónarkennarar.

Við í stjórnunarteyminu höfum talað fyrir teymiskennslu frá því við tókum við stjórn skólans – við erum að ljúka öðru ári okkar nú í vor. Við höfðum og höfum fulla trú á því að teymiskennsla efli kennarana. Við teljum að það létti störf þeirra að deila ábyrgð á hópum – árgangar eru misstórir, miskrefjandi og mismikil foreldrasamskipti og allt geta þetta verið streituvaldar eins og allir þekkja sem starfa innan grunnskólanna.

Í teymiskennslu geta kennarar nýtt styrkleika sína og fá stuðning í því sem þeir eru ekki eins sterkir í. Við teljum að kennsluhættir verði fjölbreyttari, t.d. vegna möguleikanna sem skapast á hópskiptingu og hringekjum svo eitthvað sé nefnt.

Það er líka kostur að nemendur hafi tvo eða fleiri til að leita til – bæði þegar vandamál koma upp og við námið. Skipulagið gefur kost á því að hægt sé að skipta nemendum í hópa eftir þörfum hvers og eins. Við teljum að með þessum hætti sé þörfum einstaklingsins betur mætt en ella.

Í haust ákváðum við stjórnendur að mælast til þess að kennarar nýttu sér teymiskennsluformið en gerðum það ekki að kröfu. Við buðum kennarahópum (sem sagt þeim sem kenndu saman í árgangi eða sömu námsgrein) að fá ráðgjafa í heimsókn til að fylgjast með kennslu og funda eð þeim. Nokkur teymi nýttu sér þetta.

Það hefur verið afar mismunandi hvort kennarar hafi ákveðið að stíga skrefið til fulls og vinna alveg saman með árganginn, en segja má að í tveimur árgöngum sé teymiskennsla lögð til grundvallar, víða að einhverju leyti eða að kennarar ákveði að styðja hvorn annan við foreldrasamskipti frekar en að vera saman inni í kennslustofunni.

Nú fyrir skemmstu sendi ég könnun til kennara og bað þá um að svara spurningunni *Hvernig hefur okkur miðað í vetur í teymiskennslu*? Ég fékk svör frá nokkrum – aðallega á miðstigi en einnig á yngsta stigi.

Hér eru nokkur dæmi um svör. Lítum fyrst á svör sem gefa til kynna að kennurum hagræðing af teymiskennslu (athugið að svörin eru stundum stytt og nokkur felld saman):

- Okkur finnst það hafa góð áhrif á hópinn að við séum tvö.
- Það hefur veitt okkur stuðning í kennslunni að kenna saman.
- Það hefur veitt okkur stuðning að vera tvö í teymi í stað þess að þurfa að standa einn í foreldrasamstarfi. Það er kostur að sitja saman teymisfundi vegna nemenda og sinna saman foreldrasamskiptum.
- Höfum unnið saman alla tíma í vetur og viljum ekki hafa skipulagið öðruvísi. Við kennum saman, undirbúum okkur saman og nýtum svo styrkleika hvors kennara fyrir sig, t.d. þannig að annar sinnir meira samskiptum við foreldra en hinn sér um skráningar, samskiptamál innan bekkjar og fleira.
- Teymiskennsla skiptir mjög miklu máli og gefur manni aukna sýn og stuðning.
- Við vinnum mikið í hringekju sem gerir námið og kennsluna fjölbreyttari – þá koma sérkennari og stuðningsfulltrúi með okkur og stýra stöðvum. Með því móti komum við til móts við nemendur með ólíkar þarfir. Við skipuleggjum starfið sameiginlega en skiptum með okkur verkum t.d. við undirbúning hringekja, til að létta álagið.

Hér eru nokkur atriði þar sem bent er á hindranir:

- Ytri aðstæður eins og húsnæði. Aðstaðan býður ekki upp á að opna mikið á milli stofanna – ekki nóg rými – Kannski myndum gera meira af því að kenna saman ef stór stofa væri til umráða. Áhugi er fyrir hendi á að beina kennslunni í skapandi átt og styrkja möguleikana til skapandi kennsluhátta og samþættingu námsgreina – en utanaðkomandi aðstæður, s.s. bekkjarstofur koma í veg fyrir að það sé talið auðvelt í framkvæmd.
- Tímarammi – stundatafla.
- Tími til undirbúnings.
- Samsetning nemendahópsins of flókin, fjöldi nemenda og geta þeirra.

Þá er það framhaldið ...

Við viljum halda ótrauð áfram. Af svörum þeirra kennara sem á annað borð tjáðu sig um teymiskennsluna þá sést að þeir sem virkilega hafa lagt af stað eru ánægðir með fyrirkomulagið. Þeir telja að það létti sér vinnuna og styrki þá í starfi – alveg eins og við vonuðum að yrði raunin. Við sjáum af svörum þeirra að það eru vitaskuld einhver ljón í veginum en þau snúa helst að ytra skipulagi s.s. húsnæði, stundatöflu og tíma til undirbúnings og þurfum við stjórnendur að taka það til skoðunar fyrir næsta skólaár.

En áhugi er til staðar víðar. Nú þegar hafa kennarar verðandi 1. bekkjar myndað teymi og hafa spurt eftir aðstoð frá ráðgjafa um skipulagningu teymiskennslunnar og ég veit að einhverjir kennarar á unglingastigi hafa áhuga á að taka slaginn. Að auki býst ég við að þeir kennarar sem hafa þegar góða reynslu af teymiskennslu, kjósi að halda áfram að þróa hana hjá sér. Þá er að nefna að list og verkgreinakennarar hafa töluverða samvinnu sín á milli og funda reglulega. Þeir vilja meiri samvinnu við umsjónarkennara.

Það var mér hollt og gott að taka þennan pistil saman og ég hef betri yfirsýn yfir hver staðan er. Mér finnst okkur hafa miðað að settu marki, jafnvel betur en ég þorði að vona. Það er gott að fá athugasemdir varðandi ytra skipulagið á þessum tímapunkti og það væri farsælast að skoða það með kennurum í vor, þannig að við séum með rammann kláran í upphafi skólaárs.

Hér er aðeins um stutta greinargerð að ræða en vonandi gefur þetta einhverja mynd af stöðunni og verður áhugavert að sjá hvert framhaldið verður.

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi

Grunnskóli Borgarfjarðar

Grunnskóli Borgarfjarðar er á þremur starfstöðvum, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi.

Á Hvanneyri voru í vetur tæplega 30 nemendur í 1.–5. bekk. Þar er löng hefð fyrir teymiskennslu.

Á Kleppjárnsreykjum eru 90 nemendur. Þar hefur lengi verið áhugi á teymiskennslu en það var í fyrsta skipti í vetur sem í hana var skipulega ráðist, einkum á yngsta stigi og miðstigi.

Á Varmalandi eru 70 nemendur. Þar hefur teymiskennsla verið í nokkur ár í 8.–10. bekk, tveir til þrír kennarar hafa unnið saman með stuðningsfulltrúa. Í vetur var teymiskennsla einnig einkum á miðstigi.

Fyrir okkur vakti að efla teymiskennsluna, m.a. í ljósi þess að við teljum að hún leiði til fjölbreyttari kennsluhátta og aukinnar starfsánægju, bæði kennara og nemenda. Mat okkar var „að það væri ekkert sem mælti með því að ekki sé kennt í teymum“, svo vitnað sé til orða ráðgjafa okkar um þetta verkefni!

Við gerðum okkur vissulega grein fyrir því að innleiðing teymiskennslu er langhlaup, þar sem oft þarf að staldra við, endurmeta og huga að því hvað má betur fara.

Þegar við hittumst í Borgarnesi í haust, þegar verkefnið var sett af stað, ræddum við meðal annars mikilvægi þess að viðhorf kennara til þess að auka teymiskennslu yrði að vera jákvætt og þess vegna var það lagt í hendur kennara sjálfra hvort þeir tækju frekari skref í þessa átt. Við vissum að það var vilji til staðar til að breyta kennsluháttum. Það getur vissulega tekið á að breyta kennsluháttum, en mat okkur var að ávinningur af því að taka upp teymiskennslu væri svo mikill, að áríðandi væri að hefja þessa vegferð.

Það skipti nokkru máli fyrir okkur að ráðgjafinn, Ingvar Sigurgeirsson, fylgdi verkefninu eftir með því að heimsækja allar deildir skólans á miðju skólaári. Hann fylgdist með kennslu og átti í kjölfarið samræður við kennarana þar sem mat var lagt á stöðuna, hvað gengi vel, hvað mætti betur fara og hver væru helstu sóknarfæri. Jafnframt átti hann fundi með okkur stjórnendur þar sem við áttum hliðstæða samræðu.

Við tókum einnig stöðuna á verkefninu í febrúar þegar við funduðum með kennurum í Grunnskóla Borgarness til að bera saman bækur okkar og læra hvert af öðru. Þar sögðu nokkur teymi frá reynslu sinni. Eftirtektarvert var að í ljós kom að flest skref í átt til aukinnar teymiskennslu höfðu verið stigin á miðstiginu. Þessar kynningar voru mjög áhugaverðar og ekki fer á milli mála að sú jákvæða reynsla sem lýst var blés fleiri kennurum í brjóst áhuga á að prófa sig áfram.

Við getum orðað það svo þegar litið er yfir veturinn að markviss skref hafi verið tekin í átt að teymiskennslu. Á Hvanneyri má segja að teymiskennsla sé lögð til grundvallar, en í hinum deildunum var það lagt í hendur kennara að ákveða umfang samvinnunnar. Aðstæður eru misjafnar og oft ræður samsetning nemendahópa einhverju um möguleika. Við höfum

vissulega rekist á dyr, þurft að bakka og breyta. En það þarf ekki að vera slæmt því við lærum af mistökum og reynum þá nýjar leiðir.

Við viljum enn halda því til streitu að kennarar taki sjálfir ákvarðanir um hvort og hvenær þeir ákveða að taka upp teymiskennslu. Mikilvægast er að fólk vilji takast þetta á hendur, nái saman og hafi metnað fyrir verkefnum sínum. Ef það er til staðar gengur dæmið upp. Við eigum frábært starfsfólk sem vill gera vel.

Það hefur verið gaman að fylgjast með þeim sem létu til skarar skríða og nú er þannig komið að við upphaf stundatöflugerðar fyrir næsta skólaár hafa komið óskir um að kenna í teymum á flestum stigum skólans í öllum deildum. Þetta sýnir að við erum á réttri leið. Einnig kom það fram í starfsmannasamtölum hjá þeim sem hafa unnið í teymum að þeir vilja það áfram og fleiri vilja spreyta sig. Meðal þeirra kosta sem kennarar telja sig sjá við teymiskennsluna er meiri og betri og skemmtilegri samvinna. Þegar fleiri vinna saman koma fram fleiri hugmyndir að leiðum. Þessi nálgun felur í sér sameiginlega ábyrgð og kennarar þróa starf sitt í gengum samskipti, samvinnu og nám og tengja það lærdómssamfélagi og menningu skólans.

Viðhorf okkar stjórnenda skiptir miklu máli. Við sjáum að kennarar taka sameiginleg ábyrgð og hafa stuðning hver af öðrum og þeir skipta með sér verkum. Ef veikindi eða forföll koma upp er alltaf einhver sem veit hvað gera skal. Þetta hefur ótvíræða kosti fyrir nemendur. Við höfum háttað því svo að stuðningsfultrúarnir okkar taka þátt í teymisvinnunni og hafa undirbúningstíma til þess, sem er kostur.

Við stjórnendur þurfum að leggja okkur fram við að styðja við hugmyndir kennaranna og vinnu þeirra, taka eftir því sem vel er gert og láta þá vita af því að við höfum tekið eftir því!

Við vitum að stundataflan er lykilatriði. Hún þarf að vera þannig úr garði gerð að þar séu starfhæfar blokkir, samfelldir tímar á stundatöflu séu sem flestir, þar sem teymin eru að vinna með nemendum. Það er verkefni okkar stjórnenda að reyna að koma þessu í kring.

Kennarar eru lykilaðilar teymiskennslunnar. Þeir þurfa að geta unnið saman til að efla starfsþróun sína, huga að samskiptum innan teymis og þróa samskipti og samvinnu milli kennara, foreldra, nemenda og annars starfsfólks.

Við höfum fundið mikinn metnað í kennarahópnum, kennararnir okkar eru kennarar sem þora, geta og vilja. Það er hvetjandi og vekur trú á að við getum gert enn betur.

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar

Mat á verkefninu

Eins og fram hefur komið heimsótti ráðgjafi allar starfsstöðvar skólanna, fylgdist með kennslu og átti fundi með þeim kennarateymum sem þess óskuðu. Hver heimsókn stóð í einn dag, nema í Borgarnesi, þar sem fylgst var með kennslu í tvo daga. Ráðgjafi hélt dagbók um vettvangsathuganir og skráði minnispunkta um það helsta sem bar fyrir augu og rætt var á fundunum með teymunum. Þá var efnt til umræðufunda um framgang verkefnisins, bæði á starfsdegi 1. febrúar og á lokadegi, 26. apríl. Þar ræddu kennarar stöðuna og stjórnendur funduðu með ráðgjafa þar sem sameiginlegt mat var lagt á árangur. Kennarnir skipuðu sér í þessa hópa:

- Kennarar á yngsta stigi
- Kennarar á miðstigi
- Kennarar á unglingastigi
- List- og verkgreinakennarar
- Íþróttakennarar

Umræðustjórar héldu minnisatriðum til haga og fundur stjórnenda var hljóðritaður. Það sem hér fer á eftir byggir á þessum gögnum.

Fjölmargar ábendingar komu fram:

Kennarar á yngsta stigi voru flestir þeirrar skoðunar að vel hefði tekist til með innleiðinguna. Helstu hindranir voru að þeirra mati skortur á undirbúningstíma og þá bæði á tíma til að vinna með öðrum kennurum en þó sérstaklega vöntun á tíma til að vinna með stuðnings-fulltrúum. Kennararnir ræddu kosti og galla teymiskennslunnar og má nefna ábendingu um að slæmur fylgifiskur teymiskennslu gæti verið að „allt yrði mjög niðurnjörvað og það að slá til ef góð hugmynd [kæmi upp] og bregða frá áður ákveðinni kennsluáætlun minnkaði eða hyrfi alveg."

Á fundi kennara á miðstigi kom m.a. fram að þeir kennarar sem kenna flestar greinar sameiginlega voru mjög ánægðir með teymiskennsluna og vildu halda henni áfram. Sérstaklega var vikið að mikilvægi þess í teymiskennslu að allir kennarar bæru jafna ábyrgð.

Unglingastigskennararnir bentu á að stundatöflugerð væri úrslitaatriði þegar kæmi að þróun teymiskennslu. Teymin þyrftu að fá tíma til undirbúnings og meginatriði væri að kennarar væru ekki teknir í forföll á þeim tíma. Þá skipti máli að þeir einstaklingar sem skipa hvert teymi geti unnið saman. Áhugi kom fram á að auka veg teymiskennslunnar á unglingastiginu, bæði við kennslu einstakra greina eins og stærðfræði og íslensku, en einnig þvert á greinar. Áhugi kom fram á að kennarar gerðu meira af því að fara á milli skóla til að kynnast öðru starfi og skiptast á verkefnum. Bent var á að ef vel tækist til væri teymiskennsla ígildi endurmenntunar.

List- og verkgreinakennar í báðum skólum hafa sýnt áhuga á auknu þverfaglegu samstarfi, bæði sín á milli og í samstarfi við umsjónarkennara. Áríðandi sé að samræma stundatöflur og gefa tíma til undirbúnings, sem og fleiri tíma til list- og verkgreinakennslu.

Ýmsar aðrar ábendingar komu fram á þessum fundum. Sem dæmi má nefna að íþrótta-kennarar í Grunnskóla Borgarness lögðu áherslu á að stuðningsfulltrúum væri gert kleift að vinna með þeim að undirbúningi kennslunnar, þ.e. að þeim væri tryggður undirbúningstími. Þá bentu þeir á möguleika á teymisvinnu með þeim sem kenna líffræði, m.a. til að mæta kröfum aðalnámskrár um þætti er snúa að vöðva- og hreyfifræði og skyndihjálp. Þeir bentu á að slík samvinna gæti verið spennandi verkefni að takast á við og lýstu áhuga á að taka markvissari þátt í skólaþróunarstarfinu („upplifa sig eins og eyland þar sem fáir hafa áhuga á því sem þeir eru að gera frá degi til dags“).

Stjórnendur voru sammála um að verkefnið hefði haft áhrif í jákvæða átt. Það hefði styrkt kennarana í starfinu að fá endurgjöf á það sem þeir voru að gera. Eins hefði verkefnið stuðlað að því að nokkrir kennarar tóku ákvörðun um að stíga stærri skref í þessa átt; þeir hefðu orðið áræðnari.

Þá hefði samráðsfundurinn 1. febrúar haft þýðingu þar sem hann hefði opnað augu margra fyrir því sem aðrir kennarar voru að gera. Það hefði hvort tveggja kveikt hugmyndir og hvatt fleiri til að prófa sig áfram. Eins og fram kemur í greinargerðunum hér að framan hefur verið áberandi, nú þegar verið væri að undirbúa stundatöflu fyrir næsta skólaár, að mun fleiri kennarar en áður væru að biðja um að henni yrði stillt upp með þeim hætti að auðveldara yrði að hefja teymiskennslu.

Á fundi stjórnenda voru ræddir möguleikar á að nýta sérfræðiþekkingu kennara í þágu fleiri skóla, t.d. með kennaraskiptum, heimsóknum í skóla, fræðslufundum eða námskeiðum. Afar góð reynsla hefur fengist á Vesturlandi með menntabúðum kennara sem gæti verið fyrirmynd að tilhögun.

Mat ráðgjafa er að reynsla þeirra kennara sem ákváðu að stíga skref í átt til teymiskennslu sýni vel þann ávinning sem vænta má þegar vel tekst til, sem og þá örðugleika sem búast má við að mæta þegar innleiðingin gengur ekki eftir. Athygli vakti hve vel virtist takast til þegar tveir eða fleiri kennarar voru saman með nemendahóp í sama rými. Dæmi um það mátti finna í báðum skólunum. Eins virtist teymiskennsla oft takast vel á miðstigi. Þeir örðugleikar sem birtust eru vel þekktir í tengslum við innleiðingu teymiskennslu, t.d. skortur á tíma til undirbúnings, vandi við að útbúa stundatöflu sem hentar og örðugleikar sem tengjast því þegar kennarahópurinn nær ekki saman.[5]

Nú hefur verið ákveðið að halda þessu þróunarstarfi áfram næsta skólaár með formlegum hætti. Markmið framhaldsverkefnisins er að byggja upp lærdómssamfélag í grunnskólum Borgarbyggðar með teymiskennslu að leiðarljósi þar sem stefnt verði að því að efla enn frekar samtal kennara og bæta þekkingu þeirra á fjölbreyttum kennsluaðferðum sem beinast að því að efla læsi á öllum aldursstigum og í öllum námsgreinum og sérstaklega að því að bæta árangur í stærðfræði og náttúrufræði.

[5] Sjá um þetta t.d. Troen, V. og Boles, C. (2012). *The power of teacher teams*. Thousand Oaks: Corvin Press.

Hluti af verkefninu mun snúa að nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi og mótaðar verða vinnustofur sem tengjast þeirri áherslu.

Næsti áfangi í þessu verkefni verða endurmenntunardagar sem haldnir verða að Varmalandi 10.–11. ágúst nk.